



Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

15. júní – Pistill nr. 15

Þjóðhátíðardagur Íslendinga er á laugardaginn, 17. júní. Að vanda verður haldið upp á hann á flötinni í Höfða kl. 14:00 með hátíðlegri dagskrá. En hann markar jafnframt ákveðin kaflaskil í fráveitumálum í Mývatnssveit því þá skilum við inn svokallaðri Umbótaáætlun í fráveitumálum sem unnið hefur verið að undanfarnar vikur, samkvæmt kröfu heilbrigðiseftirlitsins. Þann dag verður jafnframt liðið nákvæmlega eitt ár frá því að starfshópur skilaði skýrslu til umhverfisráðherra um fráveitumál í Mývatnssveit.

Sú leið var farin að sveitarstjórn og rekstraraðilar tóku höndum saman og unnu sameiginlega úrbótaáætlun en drög að henni voru kynnt fyrir heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra síðasta mánudag. Ég tel það mikinn styrk fyrir okkur að hafa staðið saman í þessari vegferð og vonandi ber okkur gæfu til þess að halda þessu góða samstarfi áfram. Í upphafi þessa samstarfs lögðum við eftirfarandi gildi til grundvallar þessari umbótavinnu:

Samstarf – Sveitarfélagið og rekstraraðilar vinna úrbótaáætlunina í góðu samstarfi því mikilvægt er að Mývetningar standi saman í þessu stóra hagsmunamáli.

Forysta – Að við höfum forystu þegar kemur að fráveitumálum í Mývatnssveit eins og sveitarfélagið hefur ítrekað sýnt undanfarin misseri og úrbótaáætlunin beri þess merki.



Jákvæðni – Að hagsmunaaðilar vinna að úrbótaáætlunni með jákvæðni að leiðarljósi.

Víðsýni – Að skoðaðir verði allir möguleikar varðandi lausnir í fráveitumálum og vöktun á lífríki Mývatns.

Metnaður – Að metnaður endurspeglar úrbótaáætlunina og þá miklu uppbyggingu sem framundan er.

Boðað hefur verið til fréttamannafundur á morgun þar sem Umbótaáætlunin verður kynnt. En aftur að dagskrá 17. júní í Höfða. Boðið verður upp á fría andlitsmálningu og candy floss og hefst andlitsmálun kl. 13:30 inni á flöt. Einnig verða fánar og rellur til sölu á 300 kr. stk. Eftir að formlegri dagskrá lýkur verður hressing í boði og leikir og glens fyrir alla aldurshópa. Hátíðarhöldin eru í umsjá Kvenfélags Mývatnssveitar og Skútustaðahrepps og

hvetjum við alla til að mæta og skemmta sér saman í tilefni dagsins.

Umbótaáætlun vegna fráveitumála samþykkt

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða á fundi sínum í morgun Umbótaáætlun vegna fráveitumála sem er unnin vegna krafna Heilbrigðiseftirlitsins um tímasetta áætlun um úrbætur þar sem fram kemur hvernig og fyrir hvaða tíma sveitarfélagið muni taka í notkun skólphreinsivirki fyrir þéttbýlið í Reykjahlíð og á Skútustöðum sem fullnægir kröfum um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Tímasett áætlun um úrbætur skal berast Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra ekki seinna en 17. júní. Lögð er fram fimm ára tímasett umbótaáætlun sem byggir á samþættingu aðgerða. Gerðir eru ýmsir fyrirvarar á áætluninni, bæði lagalegir og ekki síst hvað varðar aðkomu ríkisvaldsins um fjármögnun. Sveitarfélagið á jafnframt í viðræðum við Norðurorku um aðkomu að veitumálum sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að viðræður við ríkisvaldið og Norðurorku standi til áramóta. Verði seinkun á viðræðunum má reikna með að seinkun verði á ferlinu sem því nemur þar sem fjárhagsleg aðkoma ríkisins er ein helsta forsendan fyrir framgangi verkefnisins. Undirbúningur af hálfu sveitarfélagsins er þegar hafinn með breytingum á deiliskipulagi og fleira. Rekstraraðilar hafa einnig hafið undirbúning af sinni hálfu.

Í umbótaáætluninni er lögð er áhersla á að rannsaka og kanna frekar þann möguleika að losa fráveituvatn í borholur. Í minnisblaði sem Magnús Ólafsson jarðefnafræðingur hjá ÍSOR tók saman fyrir Skútustaðahrepp og rekstraraðila er lagt til að skoða þann möguleika vel að dæla fráveituvatni, sem

almennt rennur frá hefðbundnum rotþróum, niður í borholur. Þannig væri hægt að farga næringarefnaríku frárennslisvatni. Gert er ráð fyrir undirbúningi til næsta vors og gerð verði tilraun með niðurdælingu næsta sumar, fáist til þess fjármagn frá ríkisvaldinu.

Heildarkostnaður fráveituf framkvæmdanna fyrir sveitafélagið er áætlaður um 500-700 m.kr. en fyrir rekstraraðila má áætla að kostnaðurinn hlaupi á hundruðum milljóna króna.

Sveitarfélagið hefur fundað með umhverfsráðherra og fjármálaráðherra um aðkomu ríkisvaldsins hvað varðar fjármögnun á hlut sveitarfélagsins og lofar samtalið góðu um framhaldið.

Alls fengu 15 rekstraraðilar sambærilegt bréf og sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Ákveðið var að senda inn sameiginlega umbótaáætlun þar sem unnið var út frá gildum, markmiðum og framtíðarsýn. Framtíðarsýn umbótaáætlunarinnar er að sveitarfélagið Skútustaðahreppur og rekstraraðilar verði til fyrirmyndar í fráveitumálum til að lágmarka áhrif mannsins á lífríkið í Mývatni.

Hver og einn rekstraraðili er ábyrgur fyrir sinni umbótaáætlun líkt og sveitarfélagið en helstu ástæður fyrir að skila inn sameiginlegri umbótaáætlun eru sameiginlegir hagsmunir, samlegðaráhrif, hagkvæmni og samþætting verkefnisþátta í þeim tilfellum þar sem rekstraraðilar eru staðsettir í skilgreindum þéttbýliskjarna. Samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna kemur fram að uppbygging fráveitna sé á ábyrgð sveitarfélaga og því er mikilvægt fyrir rekstraraðila að vita hvenær þeir geti tengt sig inn á safnkerfi fráveitu sveitarfélagsins samkvæmt verðskrá.

Sveitarfélagið bókaði á fundi sínum 22. mars 2017 að leggja fram umbótaáætlun fyrir

fyrirgreindan tíma „en með þeim fyrirvara og athugasemdum að hún er algjörlega háð fjármögnun frá ríkisvaldinu eins og sveitarstjórn hefur ítrekað bókað á síðustu sveitarstjórnarfundum. Kröfur um úrbætur í fráveitumálum er eins og Heilbrigðiseftirlitið vísar til, má að verulegu leyti rekja til verndarlaganna um Mývatn og Laxá, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 665/2012. Í 9. gr. laganna kemur fram: „Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.“

Ákvæði verndarlaganna (lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu og fyrri lög nr. 36/1974 um sama efni) stefndu ekki að því í upphafi að leggja auknar fjárhagslegar byrðar á Skútustaðahrepp, en sýnt er að slíkar kröfur eru komnar fram sbr. krafa Heilbrigðisnefndar Norðlands eystra. Þær eru verulega íþyngjandi fyrir sveitarfélagið og íbúa þess og verður að skoða út frá jafnræðissjónarmiðum og þeim grundvallar hagsmunum sem liggja að baki verndarlögunum. Vernd Mývatns má rekja til einstakrar stöðu vatnsins og alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins gagnvart svæðinu. Kröfur um gerð umbótaáætlunar eru því einnig málefni sem varðar ríkið.

Ein af helstu forsendum þess að ráðist er í svo kostnaðarsamar framkvæmdir í fráveitumálum hlýtur að vera að vöktun á lífríki Mývatns verði aukin til muna til að meta stöðuna og áhrif framkvæmdanna á lífríkið til framtíðar. Þetta er langtímaverkefni en á fundi fulltrúa sveitarstjórnar með fjármálaráðherra og umhverfisráðherra 24. maí s.l. um fráveitumál í Skútustaðahreppi greindi umhverfisráðherra frá því að ráðuneytið muni setja aukið fjármagn í rannsóknir og vöktun Mývatns þegar árið 2017.



Mannauðsstefna Skútustaðahrepps samþykkt

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram minnisblað og drög stýrihóps að Mannauðsstefnu Skútustaðahrepps sem ætlað er að nýtist starfsmönnum til leiðsagnar og upplýsingar um ýmislegt er varðar starfsumhverfi, réttindi, skyldur, áherslur og samþykktir Skútustaðahrepps í málefnum sem varðar starfsfólk. Markmið með mannauðsstefnu Skútustaðahrepps er að mynda skýra umgjörð um þau starfsskilyrði sem sveitarfélagið býður starfsmönnum sínum, auk þess að lýsa þeim almennu kröfum sem þeir þurfa að uppfylla svo þeir geti sinnt hlutverki sínu sem best. Jafnframt að stuðla að þjónustuvitund og góðum vinnuskilyrðum þannig að Skútustaðahreppur hafi ávallt á að skipa framúrskarandi og áhugasömum starfsmönnum, sem geta veitt góða þjónustu og brugðist við síbreytilegum þörfum samfélagsins. Lögð er áhersla á samvinnu milli starfsmanna á öllum stigum starfseminnar og vellíðan á vinnustað, öryggi, þróun og jafnrétti þannig að ávallt megi laða hæfa umsækjendur að lausum störfum. Mannauðsstefnan gerir ráð fyrir að jafnrétti

kynjanna til starfa og í launum sé í heiðri haft hjá Skútustaðahreppi.

Stýrihópurinn sem vann að gerð Mannauðs- stefnunnar skipuðu Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir fulltrúi sveitarstjórnar og Jóhanna Jóhannesdóttir og Ólöf Þ. Gunnarsdóttir fulltrúar starfsfólks. Mannauðsstefnan var útfærð sem starfsmannahandbóksem lögð var fram til umsagnar hjá starfsfólki sveitarfélagsins. Samkvæmt minnisblaðinu er gert ráð fyrir að Mannauðsstefnan verði innleidd í áföngum.

Sveitarstjórn samþykkti Mannauðsstefnuna samhliða.

Í tengslum við gerð Mannauðsstefnunnar samþykkir sveitarstjórn viðauka við fjárhagsáætlun 2017 að fjárhæð 625.000 kr. vegna heilsueflingar starfsfólks. Viðaukinn verður fjármagnaður með hækkun skammtímaláns og bókast í réttu hlutfalli á launalykla viðkomandi deilda.

Fasteignamat hækkar um 9,6%

Í byrjun mánaðar birti Þjóðskrár Íslands nýtt fasteignamat allra fasteigna á Íslandi, sem lagt verður til grundvallar álagningu opinberra gjalda fyrir árið 2018. Samkvæmt fréttatilkynningu hækkar heildarmat allra fasteigna á landinu um 13,8% en hækkunin er nokkuð mismunandi eftir landsvæðum. Fasteignamatinu er ætlað að lýsa markaðsverði fasteigna miðað við stöðuna í febrúar síðastliðnum. Á vefnum Actuary.is má sjá fasteignamatskort sem sýnir hlutfallshækkun allra íbúðareigna á landinu milli ára.

Í Mývatnssveit hækkaði miðgildi fasteignamats á milli ára um 9,6% sem verður að teljast ásættanlegt. Á Laugum hækkar matið um 9,9%

og á Húsavík um hvorki meira né minna en 42%.



Skútustaðahreppur Heilsueflandi samfélag

Á fundi sveitarstjórnar 9. nóvember síðastliðinn lagði sveitarstjóri fram minnisblað um Heilsueflandi samfélag sem leggur áherslu á að heilsa og líðan allra íbúa sé í fyrirrúmi í allri stefnumótun og á öllum sviðum. Embætti landlæknis bauð upp á vinnustofur um þessa nálgun fyrir sveitarfélögum á Norðurlandi. Fyrir hönd Skútustaðahrepps mættu Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Soffía Kristín Björnsdóttir kennari og Jóhanna Jóhannesdóttir kennari. Lögð var fram hugmynd að næstu skrefum fyrir Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn fagnaði verkefninu og óskaði þátttöku. Á fundi sveitarstjórnar í morgun var lagður fram samningur Skútustaðahrepps og Embættis Landlæknis um að Skútustaðahreppur verði Heilsueflandi samfélag. Yngvi Ragnar Kristjánsson oddviti skrifaði undir fyrir hönd sveitarfélagsins þann 8. júní síðastliðinn. Settur verður á stofn stýrihópur sem heldur utan um verkefnið sem er í anda þeirrar lýðheilsustefnu sem unnið hefur verið að í

sveitarfélaginu. Vil ég nota tækifærið og þakka Jóhönnu Jóhannesdóttir sérstaklega fyrir hennar þátt í því að þetta verkefni er komið af stað en hún hefur sýnt því mikinn áhuga.

Kvennahlaup ÍSÍ

Kvennahlaup ÍSÍ verður á morgun, fimmtudaginn 15. júní kl. 17:00. Hlaupið verður frá Jarðböðunum og boðið upp á 3 og 5 km. Frítt verður í Jarðböðin að hlaupi loknu. Bolir verða seldir í Jarðböðunum frá kl. 16:30.



Góðar heimsóknir

Það er gaman að taka heimsækja ferðabjónustuaðila í Mývatnssveit, ekki síst þá minni og taka púlsinn á hjartslætti samfélagsins. Á dögnum heimsótti ég handverksfélagið Dyngjuna að Hraunvegi 6 en eins og Mývetningum er kunnugt um er þar söluhús sem handverkshópur rekur af miklum myndarskap yfir sumartímann. Úrvalið er fjölbreytt og glæsilegt, þarna er allt gert í höndunum af einvalaliði handverksfólks í Mývatnssveit. Tóta Snæ tók á móti mér með kostum og kynjum eins og hennar er von og vísa, þar er talað tæpitungulaust.



Þá heimsótti ég Hike and Bike sem er staðsett við bílplanið á hótél Reyhlið. Þar hafa Ragnar Davíð Baldvinsson og Elísabet Sigurðardóttir rekið ferðabjónustu í rúmt ár. Ferðabjónustan Hike & Bike býður upp á fjölbreyttar göngu- og fjallahjólaferðir með leiðsögn um rómaða náttúru Mývatnssveitar. Ragnar bar sig vel og segir spennandi tíma fram undan í ferðabjónustu í Mývatnssveit.

Sumarlokun hreppsskrifstofu

Athygli er vakin á því að skrifstofa sveitarfélagsins Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6 verður lokuð vegna sumarleyfa frá 17.-28. júlí n.k. Skrifstofan opnar aftur mánudaginn 31. júlí kl. 9.

Opnunartími hreppsskrifstofu: Mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9:00-12:00 og 13:00-15:00, föstudaga frá kl: 9:00-12:00.

Sumaropnunartími í íþróttamiðstöð

Íþróttamiðstöðin er opin alla daga vikunnar frá kl. 08:30 – kl.20:30 frá og með 1. júní. Verið velkomin í glæsilega þrekaðstöðu sem hefur slegið í gegn. Athugið að hætt er að hleypa inn í íþróttamiðstöðina 30 mínútum áður en lokar og eiga allir gestir að hafa yfirgefið húsið við lokun. Búningsklefar loka kl. 20:00.

Starfsmaður óskast við leikskólann YI í Mývatnssveit

Starfsmaður óskast við leikskólann YI í Mývatnssveit. Um er að ræða 70% stöðu með möguleika á auknu starfshlutfalli í haust. Kostur er að umsækjandi hafi leikskólakennararéttindi, sérkennsluréttindi eða aðra sambærilega menntun og geti hafið störf 31. júlí. Umsóknarfrestur er til 30. júní n.k. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum á skrifstofu Skútustaðahrepps eða á netfangið ingibjorg@myv.is. Til greina kemur húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Ragga Gröndal og fjárlög

Lake Myvatn Concert series sem haldið hefur verið síðan 1986 verður með glæsilega dagskrá á næstunni. Ragga Gröndal mætir í Reykja-hlíðarkirkju fimmtudaginn 22. júní kl. 21:00 og er aðgangur ókeypis.


Sunnudaginn 25. júní kl. 20:00 verður Fjárlagakvöld í Skjólbrekku. Þar verða skemmtilegu fjárlögin sungin undir stjórn Margrétar Bóasdóttur og Sólveigar Önnu Jónsdóttur til minningar um Jón Stefánsson organista. Aðgangur er 1.000 kr. Bláu og gulu bækurnar verða líka til sölu á staðnum fyrir 2.000 kr. stykkið.

HRÓS DAGSINS...

fá ungir og efnilegir Vogungar báru áburð á knattspyrnuvöllinn á dögnum. Vel er mætt á knattspyrnuæfingar hjá Mývetningi sem tekur þátt í utandeildinni og hefur farið vel af stað. Í gær mættu 18 frískir peyjar á æfingu.

Juan Mata í Jarðböðunum

Einn af frægari knattspyrnumönnum heims, Spánverjinn Juan Mata sem er leikmaður Manchester United, heimsótti Mývatnssveit á dögnum í sumarfrí sínu. Ekki hafði hann fyrir því að heilsa upp á sveitarstjórnann en hann gerði víðreist í Mývatnssveit og fór m.a. í Jarðböðin. Heimildir herma að honum hafi verið boðið á æfingu hjá Mývetningi þá um kvöldið en hann hafi afþakkað það pent....



Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu, m.a. með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, stjórn Mývatnssstofu, stjórn Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og ýmislegt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins. Þeir sem vilja skrá sig á netfangalistann geta sent beiðni um slíkt á sveitarstjori@myv.is Þeir sem vilja hins vegar fá pistilinn sendan heim í bréfformi eru vinsamlegast beðnir um að hringja á skrifstofu Skútustaðahrepps og skrá sig á póstlistann.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri